

Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, við opið hús í Setbergi, húsi kennslunnar, föstudaginn 15. nóvember 2019 kl. 15.00.

Kæra samstarfsfólk.

Það er mér ánægja að segja fáein orð hér á þessu opna húsi sem haldið er í tilefni þess að Setberg hefur nú verið tekið í notkun sem hús kennslunnar við Háskóla Íslands.

Setberg á sér langa og merka sögu, en þetta er næstelsta húsið hér á háskólalóðinni. Fyrsta hús Háskóla Íslands var stúdentagarðurinn sem er hér við hliðina og var tekinn í notkun 1934 og hlaut síðar (eftir að Nýi garður var tekinn í notkun og til aðgreiningar frá honum) nafnið Gamli garður. Það var svo þremur árum síðar, 1937, sem þetta hús var tekið í notkun og var það jafnframt fyrsta bygging Háskólans sem reist var fyrir fé frá Happpdrætti Háskóla Íslands sem stofnað hafði verið 1933.

Húsið gekk í upphafi undir heitinu Atvinnudeildarhúsið, enda var það hugsað fyrir hagnýtar rannsóknir tengdar helstu atvinnugreinum þjóðarinnar á þeim tíma, landbúnaði, sjávarútvegi og iðnaði. Árið 1968 fékk húsið nýtt hlutverk en þá fluttust þangað rannsóknir og kennsla í jarðfræði og síðar landfræði og var húsið þá kallað Jarðfræðahúsið. Þessu hlutverki gegndi húsið þar til Askja, náttúrufræðahús Háskóla Íslands var tekin í notkun 2004 og jarðvísindin fluttust þangað. Árið 2006 fékk svo Þjóðminjasafnið húsið til eignar og afnota og var því þá gefið nafnið Setberg. Hýsti það skrifstofur safnsins allt til loka síðasta árs er mennta- og menningarmálaráðherra afhendi Háskóla Íslands húsið formlega 20. desember 2018. Ég vil nota tækifærið og þakka sérstaklega Margréti

Hallgrímsdóttur, þjóðminjaverði, fyrir framlag hennar til þess að málið fékk svo farsælan endi.

Nokkur umræða fór fram um það hvernig húsið gæti best nýst starfsemi Háskóla Íslands og var það niðurstaðan að Setberg yrði hús kennslunnar. Ég tel þetta vera mjög farsæla niðurstöðu og endurspeglar hún þá áherslu í stefnu Háskóla Íslands að setja nám og kennslu í öndvegi.

Óhætt er að segja að mikil gerjun sé í kennslumálum um þessar mundir, m.a. með þróun tækni og rafrænna kennsluhátta, breyttra væntinga nemenda og samfélags og aukinnar alþjóðlegrar samkeppni. Til að mæta þessum áskorunum er afar mikilvægt að tengja betur saman þær einingar innan Háskóla Íslands sem snúa að þjónustu við nám og kennslu. Og það er einmitt markmiðið með húsi kennslunnar að skapa vettvang samstarfs og samvinnu um stuðning við gæðakennslu sem í senn svarar kalli nemenda um nútímakennsluhætti og kennara um stuðning og hvatningu til að sinna kennslu og kennsluþróun.

Í húsi kennslunnar munu kennarar m.a. hafa aðstöðu til að tileinka sér nýjungar í kennslufræði háskólakennslu og vinna saman að þróunarverkefnum er tengjast kennslu í samvinnu við innlenda og erlenda kennslusérfræðinga. Hér verða einnig kennlustofur hannaðar til að þjóna nútíma kennsluháttum auk ýmiss konar fundaraðstöðu sem kennarar og kennslusérfræðingar fræðasviða geta nýtt sér. Hér munu kennarar jafnframt fá tækifæri til að tileinka sér rafræna kennsluhætti og aðstoð við að ná tökum á nýju námsumsjónarkerfi. Þá verður hér góð aðstaða fyrir umsýslu með rafrænum próf og fyrsta flokks upptökuaðstaða fyrir kennsluefni til að nýta við fjarkennslu og við gerð opinna netnámskeiða.

Góðir gestir. Um leið og ég óska íbúum húss kennslunnar til hamingju með glæsilega aðstöðu vil ég nú bjóða ykkur öllum að kynnast húsinu af eigin raun með því að ganga um og spjalla við íbúana og um leið að þiggja léttar veitingar.

Til hamingju með daginn!